

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar - 14 (6.9.2019) - Beiðni um styrk vegna leiksýningar

Málsnúmer : 1906157
Málsaðili : Verðandi-leikfélag FG
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 06.09.2019

Inngangur :

Niðurstaða : Lagt var fram erindi frá leikfélaginu Verðandi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, dags. 13. júní 2019, með ósk um styrk fyrir leiksýningu félagsins sem verður frumsýnd í byrjun næsta árs. Bæjarráð fjallaði um erindið á fundi sínum 18. júní sl. þar sem tekið var jákvætt í erindið og samþykkt að vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra og menningar- og safnanefndar.

Menningar- og safnanefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir nánari upplýsingum um sýninguna, s.s. hvaða verk verður sett upp og hver heildarkostnaður er við uppsetningu sýningarinnar.

Útfærsla á styrkveitingu verður skoðuð með það í huga að bjóða nemendum úr 10. bekk í Garðabæ frítt á sýninguna.